



Embætti
landlæknis
Directorate of Health

Ávísanir flogaveiki-lyfja á Íslandi

Lyfjateymi Embættis landlæknis: Ólafur B. Einarsson sérfræðingur, Andrés Magnússon flknigeðlæknir


Árið 2015 fóru Íslendingar fram úr Finn-um í sölu flogaveikilyfja og eru þar með komnir í efsta sætið á Norðurlöndum varðandi sölu þessara lyfja, sjá mynd 1. Sala flogaveikilyfja hefur aukist jafnt og þétt á öllum Norðurlöndunum frá árinu 2004 samkvæmt tölum frá Nomesco.

Ávísanir gabapentíns og pregabalíns hafa aukist mikið á Íslandi frá árinu 2007, sjá mynd 2. Ávísanir pragabalíns náðu hámarki 2010 en eftir það dró úr þeim við breytingu á greiðsluþátttöku Sjúkra-trygginga Íslands.


Flogaveikilyf eru iðulega tekin reglu-lega árum saman. Árið 2018 fengu rúmlega 15 þúsund Íslendingar ávísáð flogaveiki-lyfjum, eða um 4% landsmanna. Auk ábendinga við flogaveiki er lyfjunum ávísáð við taugaverkjum, kvíða, geðhvarfa-sýki o.fl. Gabapentín er mun meira notað en önnur flogaveikilyf. Árið 2018 var gabapentíni ávísáð handa 8.500 einstak-lingum og hefur fjöldinn tvöfaldast frá ár-inu 2011. Árið 2018 fengu 13 einstaklingar lyfinu ávísáð frá 8 eða fleiri læknum. Til samanburðar fengu rúmlega 14 þúsund einstaklingar ávísáð háþrýstingslyfinu amlóðipíni árið 2018 en enginn frá 8 eða fleiri læknum. Árið 2018 greindist gabapentín í einhverju magni í sýnum 13 látinna einstaklinga af þeim 55 sem voru til skoðunar hjá lyfjateymi embættis landlæknis. Tvö dauðsföll voru á Íslandi af völdum flogaveikilyfja árið 2018, eitt vegna gabapentíns og eitt vegna pregabalíns og zopiclons. Gabapentín hefur verið álitíð mjög öruggt lyf (sjá t.d. Sérlyfjaskrá).

Töluvert er ritað um misnotkun prega-balíns, en gabapentín er einnig misnotað þótt það gefi ekki eins mikla vímu og pregabalín (www.who.int/medicines/access/controlled-substances/Pregabalin_FINAL.pdf?ua=1). Þessi lyf eru fyrst og fremst misnotuð af einstaklingum sem eru að misnota önnur lyf og ættu lækna að vera meðvitaðir um þessa áhættu.

Mynd 1. Sala flogaveikilyfja á Norðurlöndum 2004-2017



Mynd 2. Ávísanir algengustu flogaveikilyfja á Íslandi 2003-2018



Heimildir

nowbase.org
Lyfjagagnagrunnur Embættis landlæknis.